

## REGLUGERÐ

### um Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands fæst við rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði kvennafræða. Rannsóknastofan lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

#### 2. gr.

Hlutverk rannsóknastofu í kvennafræðum er að:

- a) efla og samhæfa rannsóknir í kvennafræðum,
- b) hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila á sviði kvennafræða,
- c) koma á fót gagnabanka um kvennarannsóknir,
- d) vinna að og kynna niðurstöður rannsókna í kvennafræðum,
- e) veita upplýsingar og ráðgjöf varðandi rannsóknir í kvennafræðum,
- f) leita samstarfs við deildir háskólans um að auka þátt kvennafræða í kennslu fræðigreina,
- g) gangast fyrir námskeiðum og fyrirlestrum um kvennafræði og kvennarannsóknir.

#### 3. gr.

Háskólaráð skipar sex manna stjórn til tveggja ára. Félagsvísindadeild og heimspekideild tilnefna einn fulltrúa hvor; tveir fulltrúar eru tilnefndir til skiptis af tveim eftirtöldum deildum í þeirra röð sem þær eru hér taldar: guðfræðideild, lagadeild, raunvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild, og læknaeild (þar með taldar námsbrautir í hjúkrunarfræði og sjúkráþjálfun). Háskólaráð skipar tvo án tilnefningar.

#### 4. gr.

Stjórnin skiptir með sér verkum og setur sér vinnureglur. Stjórnin ákveður m.a. rannsóknastofnu stofunnar og veitir fé til einstakra rannsóknaverkefna.

#### 5. gr.

Stjórnin ræður forstöðumann rannsóknastofunnar til tveggja ára í senn og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður hefur umsjón með daglegum rekstri, annast áætlanagerð og hefur umsjón með fjármálum stofunnar. Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn. Hann situr stjórnarfundum með tillögurétt en án atkvæðisréttar.

#### 6. gr.

Tekjur rannsóknastofu í kvennafræðum eru:

- a) fjárveitingar á fjárlögum,
- b) styrkir til einstakra verkefna,
- c) greiðslur fyrir umbeðin verkefni,
- d) gjafir.

Reikningshald stofunnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofunnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

#### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett sbr. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979 um Háskóla Íslands, sbr. háskóla­reglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 7. mars 1990.*

**Svavar Gestsson.**

*Árni Gunnarsson.*